



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Gunnarsholti, 18. febrúar 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðgerðir á jarðvegsrofi vegna utanvegaaksturs utan þjóðgarða.

Með rafbréfi, dag. 6. febrúar, sendi umhverfis- og samgöngunefnd umsagnarbeiðni um *tillögu til þingsályktunar um viðgerðir á jarðvegsrofi vegna utanvegaaksturs utan þjóðgarða – 749. mál*, til Landgræðslunnar.

Um Landgræðsluna og störf hennar gilda lög um landgræðslu nr. 155/2018. Í fyrstu grein laganna kemur fram að markmið þeirra sé að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Í 2. gr. laganna er nánari útfærsla á því hvernig stuðla skuli að vernd og sjálfbærri nýtingu lands, en skv. c-lið skal stefna að því að komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi og skv. d-lið skal stefnt að því að hver sá sem valdi spjöllum á gróðri og jarðvegi skuli bæta fyrir það tjón. Þá kemur fram í a-lið 3. gr. laganna að til að efla vistkerfi landsins skuli stefna að því að byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafi raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra, sem og að í d-lið sömu greinar segir að stefnt skuli að því að virkja almenning og hagsmunaaðila til þátttöku í endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.

Ófangreind ákvæði, um að vinna að því að komast hjá spjöllum á gróðri, endurheimta það sem raskast og að virkja almenning til vitundarvakningar og þátttöku falla vel að þeirri þingsályktunartillögu sem hér er veitt umsögn um. Markmið tillögunnar er að tryggja það að fé fái til þess að bæta þær landskemmdir sem utanvegaakstur oft hefur í för með sér. Það er mjög brýnt að virkt eftirlit sé með utanvegaakstri og að viðurlög séu ströng og gefi til kynna að um óforsvaranlega hegðan sé að ræða enda skemmdir oft miklar. Ekki síður er brýnt að tryggja fé til þess að gera megri við landskemmdir í kjölfar aksturs utan vega, eins vel og að svo miklu marki sem slíkt er á annað borð hægt, en einmitt það er markmið fyrirliggjandi þingsályktunartillögu.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar leggja til að sérstakur sjóður verði stofnaður sem veiti fé til viðgerða á skemmdum í kjölfar aksturs utan vega. Þá er það tillaga flutningsmanna að úthlutunarreglur sjóðsins taki mið af því að staðbundin félagasamtök á borð við íþróttafélög, skátahreyfingar eða umhverfisverndarsamtök geti mögulega tekið að sér framkvæmd viðgerða á tilteknum skemmdum. Það að virkja nærsamfélag og allan almenning og hvetja til virkrar þátttöku í þessum mikilvægu málum fellur vel að sambærilegum ákvæðum laga um landgræðslu.

Landgræðslan telur að mikill akkur væri í því að til staðar væri sérgreint fjármagn sem ætlað væri til andbóta í kjölfar skemmda vegna aksturs utan vega. Sérstakur sjóður, sem fjármagnaður væri með sektargreiðslum og e.a. öðrum framlögum, kann vel að vera álitlegur kostur.

Verði slíkt raunin leggur Landgræðslan til eftirfarandi:

- Sjóðurinn verði vistaður hjá Landgræðslunni. Það eru veigamikil rök sem hníga að því að heppilegt væri að vista sjóðinn hjá stofnuninni en þar má einna helst nefna:
 - Viðgerð á landskemmdum í kjölfar aksturs utan vega og sú aðferðarfræði sem lögð er upp með í þingsályktunartillögunni fellur einkar vel að fyrirbyggjandi lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og þeim verkefnum sem Landgræðslan vinnur að nú þegar.
 - Innan Landgræðslunnar er mikil fagþekking á verkefnum tengdum akstri utan vega. Stofnunin hefur að nokkru leyti leitt umræðu á þessu sviði með tilliti til áhrifa á gróður og jarðveg og hefur m.a. gefið út leiðbeiningarit um flokkun og viðgerðir á landskemmdum vegna utanvegaaksturs, ásamt Landvernd.¹
 - Landgræðslan stendur nú þegar fyrir úthlutun úr sjóðum sem styðja við landgræðsluáðgerðir, s.s. sjóðina *Bændur græða landið (BGL)*, *Landbótasjóð* og sjóð um *Varnir gegn landbroti*. Sérstakur sjóður um styrki til viðgerða í kjölfar utanvegaaksturs væri ágæt viðbót, sem og að slíkt félli vel að 8. gr. laga um landgræðslu um sérstakan stuðning við landgræðslu.

Landgræðslan er fús til að veita frekari upplýsingar og svara frekari spurningum sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar


Arni Bragason

¹ Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Kristín Svavarsdóttir og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 2017. Flokkun og viðgerðir á landskemmdum vegna utanvegaaksturs. Landvernd og Landgræðsla ríkisins.